

Ár 2002, mánudaginn 29. apríl, var fundur settur í kjaranefnd að Hverfisgötu 6a í Reykjavík og haldinn af Guðrúnu Zoëga, Ásgeiri Magnússyni og Þorsteini Haraldssyni.

Fyrir var tekið:

**Að úrskurða um greiðslur til heilsugæslulækna  
fyrir útgáfu læknisvottorða**

I.

Kjaranefnd kvað upp þann úrskurð hinn 13. mars 2002 að öll vinna heilsugæslulækna við útgáfu læknisvottorða teldist hluti af aðalstarfi þeirra og væri þeim því ekki heimilt að taka sérstaka þóknun fyrir útgáfu þeirra umfram það sem kjaranefnd úrskurðaði.

Heilbrigðisráðuneytið hafði með bréfi dags. 18. desember 2001 farið þess á leit við kjaranefnd að launakjör heilsugæslulækna yrðu endurskoðuð og að tekið yrði tillit til tekna sem þeir hefðu haft af greiðslum frá sjúklingum fyrir önnur læknisvottorð en þau sem greidd væru af Tryggingastofnun ríkisins. Þá sagði að ráðuneytið myndi setja gjaldskrá um þessi vottorð og beita sér fyrir því að gjöld sem sjúklingar greiddu fyrir framangreind læknisvottorð yrðu innheimt af heilsugæslustöðvum og rynnu til stöðvanna. Í reglugerð nr. 953/2001 um (6.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tók gildi 1. janúar 2002, sagði að gjöld vegna vottorða á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins skyldu renna til stofnunar. Í greinargerð fulltrúa heilsugæslulækna til kjaranefndar dags. 29. janúar 2002 var sérstaklega farið fram á „að ákvörðun þess efnis hvort útgáfa þessara vottorða til þriðju aðila, teljist hluti aðalstarfs eða vera aukastarf liggi fyrir hið fyrsta“. Ósk þessi var ítrekuð á fundi með nefndinni 19. febrúar 2002 og varð kjaranefnd við þeirri ósk.

Með bréfum dagsettum 13. mars 2002 var fulltrúum heilsugæslulækna og heilbrigðisráðuneytinu birtur úrskurðurinn. Í bréfi kjaranefndar til formanns Félags íslenskra heimilislækna og formanns kjararáðs félagsins var lögð áhersla á að úrskurðurinn næði eingöngu til þess álitaefnis hvort útgáfa læknisvottorða tilheyrði aðalstarfi heilsugæslulækna eða ekki. Þá sagði að kjaranefnd myndi nú halda áfram endurskoðun á launakjörum heilsugæslulækna meðal annars með hliðsjón af bréfi heilbrigðisráðuneytisins dags. 18. desember 2001.

II.

Talsmenn heilsugæslulækna komu á fund kjaranefndar 19. mars 2002. Á fundinum kom fram sú afstaða þeirra að greiða bæri læknum fyrir sérhvert vottorð í stað hækkunar mánaðarlauna sem næði jafnt til allra lækna. Á fundinum var ákveðið að læknar tækju saman upplýsingar fyrir kjaranefnd um hvaða vottorð væri að ræða og hvernig þeir teldu að bæri að flokka þau. Upplýsingar þessar bárust með bréfi dagsettu 11. apríl 2002.

Hinn 22. mars 2002 setti heilbrigðisráðherra reglugerð nr. 246/2002 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, áður reglugerð nr. 68/1996. Í reglugerðinni segir hvað sjúkratryggðir skuli greiða fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar. Jafnframt segir hvaða gjöld skuli innheimt fyrir önnur vottorð, en ekki var áður kveðið á um það í reglugerð. Þá segir að gjöld fyrir vottorð skuli renna til heilbrigðisstofnunar.

Kjaranefnd hefur aflað upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins um fjölda læknisvottorða frá einstökum heilsugæslulæknum til stofnunarinnar. Fengust upplýsingar um

fjölda og tegund vottorða frá 130 heilsugæslulæknunum sem höfðu verið í fullu starfi árin 2000 og 2001. Þá hefur kjaranefnd fengið upplýsingar frá Heilsugæslunni í Reykjavík um tekjur nokkurra heilsugæslulækna í Reykjavík af læknisvottorðum. Upplýsingunum fylgdi bréf frá forstjóra Heilsugæslunnar dagsett 5. apríl 2002. Í bréfinu kom fram að um væri að ræða upplýsingar um þær tekjur lækna af læknisvottorðum sem farið hefðu um greiðsluþjónustu Heilsugæslunnar. Tekið var fram að slíkt greiðslukerfi hefði ekki verið viðhaft á öllum heilsugæslustöðvum og að ekki hefðu allir læknar nýtt sér það. Þá sagði að vottorðatekjur þeirra lækna sem hefðu nýtt sér kerfið hefðu að hluta til verið utan þess, en að þeir muni sjálfir hafa innheimt hluta þeirra vottorðatekna sem orðið hafi til utan starfstíma stöðvanna.

Kjaranefnd hefur reiknað tekjur heilsugæslulækna af útgáfu vottorða til Tryggingastofnunar ríkisins út frá upplýsingum TR um fjölda vottorða frá einstökum læknum og ákvæði um gjöld sjúklinga fyrir vottorð í fyrnefndri reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Voru þær árin 2000 og 2001 að meðaltali um 80 þúsund krónur hvort ár mest 220 þúsund krónur á ári. Samkvæmt upplýsingum Heilsugæslunnar í Reykjavík voru tekjur lækna af læknisvottorðum um 250 þúsund krónur að meðaltali árið 2000 en um 330 þúsund krónur árið 2001. Voru tekjurnar í flestum tilfellum mun hærri árið 2001 en árið 2000 en það var þó ekki algilt. Vottorðatekjur voru á bilinu 128 - 398 þúsund krónur árið 2000 en 206 - 585 þúsund krónur árið 2001. Þessar tölur byggjast á upplýsingum um vottorðatekjur 23 lækna í Reykjavík með þeim fyrirvara sem fram kom í bréfi forstjóra Heilsugæslunnar.

Í greinargerð heilsugæslulækna til kjaranefndar dags. 29. janúar 2002 kom fram að þeir teldu að skrif vottorða samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 68/1996, (nú 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 218/2002), væru hluti aðalstarfs heilsugæslulækna. Þau ættu að falla undir C lið í gjaldskrá heilsugæslulækna, þar sem þau væru sambærileg þeim vottorðum sem þar væru tilgreind. Yrðu þau felld inn í gjaldskrá væri nauðsynlegt að einingaverð/einingafjöldi allra þeirra vottorða sem þar greinir yrði endurskoðað. Þá sagði að kæmist kjaranefnd að þeirri niðurstöðu að skrif vottorða til annarra en Tryggingastofnunar væri hluti af aðalstarfi heilsugæslulækna þyrfti kjaranefnd að afla upplýsinga frá hverjum og einum heilsugæslulækni um hve miklar tekjur hann hefði af þessari vottorðagjöf og yrði nefndin þá að leggja mat á tilvik hvers heilsugæslulæknis fyrir sig og ákvarða honum laun miðað við þá kjaraskerðingu sem hann yrði fyrir.

Ráðuneytið hafði í bréfi sínu til kjaranefndar 1. mars 2002 ítrekað þá ósk sína, sem fram kom í bréfi þess 18. desember 2001, að tillit yrði tekið til gjalda sem heilsugæslulæknar hefðu fengið frá sjúklingum fyrir önnur vottorð en þau sem greidd væru af Tryggingastofnun ríkisins. Það væri hins vegar kjaranefndar að ákveða með hvaða hætti heilsugæslustöð greiddi lækni fyrir þessa vinnu, þ.e. hvort það yrði gert með hækkun fastra launa og/eða með sérstökum greiðslum heilsugæslustöðvar eða eftir atvikum Tryggingastofnunar.

### III.

Eins og fram hefur komið hefur kjaranefnd áður úrskurðað að útgáfa læknisvottorða tilheyri aðalstarfi heilsugæslulækna. Í máli heilsugæslulækna hefur verið vísað til þess að löng hefð væri fyrir því að læknar fengju greitt fyrir vottorð frá viðkomandi einstaklingum, sbr. t.d. ályktun stjórnar Læknafélags Íslands 19. mars 2002. Það er mat kjaranefndar að sú hefð hafi rofnað þegar lögum um Kjaradóm og kjaranefnd nr. 120/1992 var breytt, með lögum nr. 150/1996, á þann veg að kjaranefnd var falið að ákveða laun og starfskjör heilsugæslulækna og með úrskurði kjaranefndar í kjölfarið. Samkvæmt lögum um Kjaradóm og kjaranefnd og lögskýringargögnum með þeim ber kjaranefnd að ákveða heildarlaun og

starfskjör þeirra sem undir nefndina heyra. Heilsugæslulæknar eru launþegar hjá heilsugæslustöðvum eða heilbrigðisstofnunum og þiggja fyrir vinnu sína þar föst mánaðarlaun, eftir atvikum fastar yfirvinnugreiðslur og laun fyrir vaktir. Auk þess fá þeir samkvæmt ákvörðun kjaranefndar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir vitjanir og sérstök læknisverk. Kjaranefnd hefur ekki áður úrskurðað að greiða skuli sérstaklega fyrir þau vottorð sem hér um ræðir, en við ákvörðun launa í úrskurði nefndarinnar um laun heilsugæslulækna frá 3. mars 1998 var meðal annars byggt á upplýsingum sem heilsugæslulæknar víðs vegar um landið gáfu um tekjur sínar af vottorðum. Af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir hjá kjaranefnd sýnist hins vegar ljóst að tekjur heilsugæslulækna af þessum vottorðum hafi í raun verið meiri en gengið var út frá við uppkvaðningu úrskurðarins. Með vísan til þessa og að fengnum sjónarmiðum talsmanna heilsugæslulækna og heilbrigðisráðuneytisins er það nú mat kjaranefndar að greiða skuli heilsugæslulæknum sérstaklega fyrir læknisvottorð eins og segir í kafla IV. Með þessu móti telur kjaranefnd að tekjur heilsugæslulækna af vottorðaskrifum verði í samræmi við fjölda vottorða og þá vinnu sem þeir inna af hendi við skrif þeirra. Því telur nefndin ekki þörf að kanna frekar hvaða tekjur einstakir heilsugæslulæknar hafa haft af vottorðaskrifum.

#### IV.

Kjaranefnd hefur aflað upplýsinga um þau vottorð sem um ræðir. Auk upplýsinga frá talsmönnum heilsugæslulækna og frá Heilsugæslunni í Reykjavík hefur nefndin fengið upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins, frá Læknafélagi Íslands, frá sjúkrasjóðum stéttarfélaga, Lífeyrissjóði verzlunarmana, landlæknisembættinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík og frá Samtökum atvinnulífsins. Mörg þessara vottorða eru skrifuð á sérstök eyðublöð, sem gefin eru út meðal annars af Tryggingastofnun ríkisins, Læknafélagi Íslands og embætti landlæknis. Auk þess hefur nefndin kynnt sér lög og reglugerðir um læknisvottorð.

Við ákvörðun á greiðslum fyrir einstök læknisvottorð hefur verið litið til umfangs þeirra og þeirrar vinnu sem fólgin er í gerð þeirra. Vakin er athygli á því að greiðslur til lækna fyrir vottorð eru launagreiðslur og bera læknar hvorki kostnað af framlagi vinnuveitanda í lifeyrissjóð né öðrum launatengdum gjöldum, né heldur greiða þeir fyrir annan rekstrar-kostnað.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjaranefnd ákveðið að frá 1. janúar 2002 skuli heilsugæslustöðvar/heilbrigðisstofnanir greiða heilsugæslulæknum fyrir útgáfu læknis-vottorða eins og hér segir:

1. Fyrir vottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar:

Örorkuvottorð A vegna lífeyris- og slysatrygginga	4000 krónur
Örorkuvottorð B vegna lífeyris- og slysatrygginga	2000 "
vottorð vegna fjárhagsaðstoðar við fötluð og sjúk börn,	
þ.m.t. vegna umönnunarþóta	4000 "
vottorð vegna endurhæfingarlífeyris	4000 "
framhaldsvottorð vegna slysatrygginga	350 "
læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð)	700 "
vottorð vegna beiðni um þjálfun	700 "
vottorð vegna öflunar hjálpartækja	700 "
vottorð vegna lengingar fæðingarorlofs	700 "
vottorð vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur)	700 "
vottorð vegna heimahjúkrunar	700 "

vottorð vegna umsóknar um lyfjaskírteini	700	"
vottorð vegna vistunar sjúklinga erlendis (siglinganefnd)	700	"
sjúkradagpeningavottorð	700	"
vottorð vegna ferðakostnaðar innanlands	700	"
vottorð v. umsóknar um styrk til kaupa á bíl fyrir fatlaða	800	"

2. Fyrir útgáfu annarra læknisvottorða:

Vottorð um fjarvistir úr skólum	350	krónur
vottorð vegna sjúkranudds	700	"
vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga	700	"
vottorð vegna undanþágu frá bílbeltanotkun	1000	"
dánarvottorð	1000	"
vottorð vegna ökuleyfis	1000	"
vottorð um heilsufar nemenda	1000	"
til skóla hérlandis, leikskóla og sumarbúða	1000	"
vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda	1000	"
vottorð vegna ónæmisaðgerða, alþjóðaónæmisskírteini	1000	"
vottorð vegna endurgreiðslu ferðakostnaðar,	1000	"
svo sem ferðarofs	1000	"
vottorð til skattyfirvalda	1000	"
vottorð vegna föstureyðinga og ófrjósemisaðgerða	2000	"
vottorð vegna atvinnuréttinda	3000	"
vottorð um heilsufar og vinnufærni vegna umhverfis og atvinnu	3000	"
vottorð vegna byssuleyfis	3000	"
vottorð vegna sviptingar sjálfræðis	4000	"
vottorð vegna dvalar, starfa eða skóla erlendis	4000	"
vottorð vegna dvalar- og atvinnuleyfa	4000	"
skv. reglum smitsjúkdómá�æknis	4000	"
vottorð til lögmannna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa	4000	"
vottorð til tryggingafélaga/ lífeyrissjóða vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur	4000	"

Önnur vottorð ótalín greiðist eins og sambærileg vottorð.

Séu vottorð mjög viðamikil eða sé um meiri háttar læknisfræðilegar greinargerðir að ræða er heilsugæslustöð/heilbrigðisstofnun heimilt að greiða læknum tímakaup fyrir vottorðin, 3750 krónur/klst.

Kafli C í gjaldskrá heilsugæslulækna fellur niður.

Að öðru leyti gilda um laun og önnur starfskjör heilsugæslulækna fyrri úrskurðir nefndarinnar svo og reglur kjaranefndar um almenn starfskjör og viðmiðunarreglur kjaranefndar um greiðslur fyrir aukastörf.

---

Guðrún Zoëga

---

Ásgeir Magnússon

---

Þorsteinn Haraldsson